

Aðildarfélag KSÍ

Reykjavík, 23. janúar 2026.

Efni: Kosningar í stjórn og fulltrúa landsfjórðunga á 80. ársþingi KSÍ

Framboð til stjórnar KSÍ skal skv. 17. grein laga KSÍ berast skrifstofu KSÍ skriflega ásamt skriflegum meðmælum minnst hálfum mánuði fyrir þing eða **í síðasta lagi 14. febrúar nk.** Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests, sbr. grein 17.4 í lögum KSÍ.

Framkvæmd kosninga í stjórn KSÍ

Samkvæmt grein 17.1 í lögum KSÍ skal kosning til stjórnar fara þannig fram:

- Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
- Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. Stjórnarmaður skal ekki sitja lengur en tíu kjörtímabil samfleytt.
- Kosning 3ja manna til vara í stjórn til tveggja ára.

Kosning formanns

Þorvaldur Örlygsson var kjörinn formaður KSÍ á 78. ársþingi KSÍ þann 24. febrúar 2025. Fyrsta kjörtímabili hans lýkur á 80. ársþingi KSÍ 28. febrúar nk.

Kosning í stjórn

Tveggja ára kjörtímabili eftirtaldrá í stjórn KSÍ lýkur á 80. ársþingi KSÍ 28. febrúar nk.:

Ingi Sigurðsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Þorkell Máni Pétursson

Auk ofangreindra sitja í stjórn (tveggja ára kjörtímabili þeirra lýkur á 81. ársþingi KSÍ 2027):

Edvard Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Helga Helgadóttir
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Kosning varamanna í stjórn

Kjörtímabili varamanna í stjórn lýkur á 80. ársþingi KSÍ árið 2026:

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Sigrún Ríkhardsdóttir

Kosning aðalfulltrúa landsfjórðunga

Tveggja ára kjörtímabili aðalfulltrúa landsfjórðunganna lýkur á 80. ársþingi KSÍ árið 2026:

Þorsteinn Haukur Harðarson	Vesturland
Trygvi Gunnarsson	Norðurland
Guðmundur Bj. Hafþórsson	Austurland
Trausti Hjaltason	Suðurland

Kosning varafulltrúa landshluta

Tveggja ára kjörtímabili varafulltrúa landsfjórðunga lýkur á 80. ársþingi KSÍ árið 2026:

Sigurður Þór Sigursteinsson	Vesturland
Björgvin Brynjólfsson	Norðurland
Valdís Vaka Kristjánsdóttir	Austurland
Matthildur Ásmundsdóttir	Suðurland

Minnt er á ákvæði 17. greinar laga KSÍ:

17.2.

Þau sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þau sem kosin eru og staðfest í stjórn KSÍ og þau sem kosin eru og staðfest til vara í stjórn KSÍ skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.

17.3.

Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skulu hafa skrifleg meðmæli aðildarfélaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

Með tilkynningu um framboð er óskað eftir stuttri ferilskrá til birtingar á heimasíðu KSÍ. Í samræmi við ákvörðun kjörnefndar skulu framboð ásamt skriflegum meðmælum á þar til gerðu eyðublaði, send með tölvupósti til Axels Kára Vignissonar, lögfræðings á skrifstofu KSÍ (axel@ksi.is), í síðasta lagi þann 14. febrúar næstkomandi.

Virðingarfyllst,
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,

Eysteinn Pétur Lárusson

Eysteinn Pétur Lárusson,
framkvæmdastjóri

Afrit: ÍSÍ og kjörnefnd.

Fylgiskjal: Eyðublað um framboð á 80. ársþingi KSÍ